

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 56/1996, um spilliefnagjald.

### 1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna fyrir setu í nefndinni.

### 2. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Þá er spilliefnanefnd heimilt að greiða förgun úrgangsefna sem blandast hafa vörum sem greitt hefur verið af skv. 6. gr., enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun vörunnar.

### 3. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Spilliefnagjald skal lagt á neðangreinda vöruflokka:

1. Olíuvörur:

- svartolía, allt að 0,1 kr. á hvert kg,
- önnur olía en brennsluolía, allt að 20,0 kr. á hvert kg.

2. Lífræn leysiefni, klórbundin efnasambönd o.fl.:

- lífræn leysiefni, allt að 3,0 kr. á hvert kg,
- halógeneruð efnasambönd, allt að 900 kr. á hvert kg,
- ósoneyðandi efni, allt að 900 kr. á hvert kg,
- ísósyanöt, allt að 10,0 kr. á hvert kg.

3. Málning og litarefni, allt að 16,0 kr. á hvert kg.

4. Rafhlöður og rafgeymar:

- raflöður, allt að 200 kr. á hvert kg, eða hámarksstykkjagjald á raflöður, allt að 200 kr. á hvert stykki,
- rafgeymar, allt að 60 kr. á hvert kg.

5. Ljósmyndavörur: framköllunarvökvar og fixerar, allt að 300 kr. á hvert kg.

6. Vörur sem innihalda kvikasilfur, allt að 900 kr. á hvert kg.

7. Ýmsar aðrar efnavörur (kemískar vörur), allt að 5,0 kr. á hvert kg.

### 4. gr.

Í stað orðanna „einn mánuður“ í 2. tölul. 7. gr. laganna kemur: þrjú mánuðir.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Samþykkt á Alþingi 15. desember 1997.*